

Ástand holu AB-02 í Búrfellshrauni

Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÁsG-93-09



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Greinargerð ÁsG-93/09
18. október 1993

Ástand holu AB-02 í Búrfellshrauni

Árið 1979 lét Kröflunefnd bora holu AB-02 í Búrfellshrauni, skammt sunnan við þann stað er Hlíðardalslækurinn hvarf niður í hraunið. Tilgangurinn með borun holunnar var að fylgjast með hvort affallsvatnið frá Kröfluvirkjun spillti á einhvern hátt grunnvatninu á þessum slóðum. Fimm hitamælingar eru til úr holunni og voru þær mældar á árunum 1979 - 1981 (mynd 1). Niðurstöður mælinganna bentu til þess að tvær æðar væru til staðar, á 59 m og 65 m dýpi. Þóroddur F. Þóroddsson útbjó drög af jarðlagasniði 1979 og var það endurunnið eins og fram kemur á mynd 2 með helstu upplýsingum um holuna. Næstu árin eftir borun voru tekin sýni úr holunni við æðarnar og einnig var fylgst með hvort fluoerscein kenniefni, sem sett var í Hlíðardalslækinn, skilaði sér í holuna. Ekki komu fram neinar merkjanlegar breytingar og virtist allt í stakasta lagi.

Holunni var lítið sinnt frá 1982 fram að 25. október 1992, þegar Halldór Ármannsson og Helgi Torfason hugðust taka úr henni sýni. Fyrirstaða reyndist vera á um 55 m dýpi sem hindraði sýnatöku. Ekki er vitað hvers eðlis fyrirstaðan er, þar sem járnfóðringar eru frá holutoppi og þangað niður. Sennilegast verður að telja að grjóti hafi verið hent niður og því spurning um það hvort holan sé full af grjóti upp að vatnsborði eða hvort einn steinn loki henni á umræddu dýpi.


Nú í seinni tíð hefur almenn umræða um umhverfismál aukist til muna og lögð er áhersla á að ganga þannig frá við mannvirkjum að náttúrunni verði ekki spillt. Í því sambandi hefur þráðurinn verið tekinn upp á ný varðandi eftirlit með affallsvatni Kröfluvirkjunar, þar sem það blandast grunnvatninu í Búrfellshrauni. Stefnt er að því að hreinsa holu AB-02 seinni hluta októbermánuðar 1993 með bornum Hrímnri frá Jarðborunum h.f. Verkið verður þá unnið í framhaldi af borun í Eldárhraunið við Mývatn fyrir Iðnaðarráðuneytið.

Reykjavík 18. október 1993



Asgrimur Guðmundsson

15 Oct 1993 asg
L= 57842 Oracle







HITAMÆLINGAR BÚRFELLSHRAUN HOLA AB-02



Reynd 1



Skýringar við jarðlagasnið

-  Hraun frekar hart í borun
-  Hraun frekar lint í borun
-  Gjall eða kargi
-  Sandur (gjallbunkar ?)
-  Ekkert svarf
-  Setmillilag

Muskel 2